



## Fundargerð

Fundur í skipulags- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykólahrepps  
mánudaginn 11. maí 2017, kl. 10.00.  
Fundarstaður: Stjórnarsýsluhúsið Maríutróð 5a, Reykólum.

Mætt: Rebekka Eiríksdóttir og Bjarni Þór Bjarnason í foröllum Egils Sigurgeirssonar. Karl Kristjánsson forfallaðist. Einnig sátu fundinn Kristján Ingi Arnarsson byggingafulltrúi og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er 2 blaðsíður.

Rebekka tók formennsku og bauð fólk velkomið og setti fundinn. Formaður spurði eftir öðrum málum á dagskrá, engin mál bárust. Þá var gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð fundar skipulags- húsnæðis- og hafnarnefndar 10. apríl 2017.

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

2. 1605014 - Hellisbraut 72 212-2754, byggingaleyfi fyrir stækkun.

*Lagðar eru fram teikningar af Hellisbraut 72 (Hólabúð), unnar af Úti Inni arkitektum. Nefndin samþykkir framlögð byggingaráform. Samþykkt samhljóða.*

3. 1705013 - Tröllendi 1 236-3833, byggingaleyfi fyrir starfsmannahús.

*Lagðar eru fram teikningar af starfsmannahúsi á lóð Tröllenda 1, unnar af Argos ehf. arkitektarstofu. Nefndin samþykkir byggingaráform með fyrirvara um að stærð hússins verði innan leyfðs fermetrafjölda skv. deiliskipulagi og að húsnæðið verði staðsett innan skilgreinds byggingareits. Byggingafulltrúa falið að fylgja málefnum eftir. Samþykkt samhljóða.*

4. 1704016 - Sláttur og hirðing 2017-2018, útboð.

*Lögð eru fram drög útboðsgögnum og kort af sláttursvæði. Nefndin gerir ekki athugasemdir við framlögð gögn. Gögnin samþykkt samhljóða.*

5. 1705014 - Skáleyjar 212-2585, rif á húsi mhl. 03, gamla íbúðarhúsið í eyjunni.

*Nefndin gerir ekki athugasemd við niðurrif hússins með fyrirvara um samþykki Minjastofnunar vegna aldurs hússins. Minjavörður hefur samþykkt niðurrif hússins en unnið er að skilmálum við eigendur. Samþykkt samhljóða.*

### Mál til kynningar:

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 11.40

---

---

---

---